

Ed. 269. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 56, 15. júní 1926, um notkun bifreiða.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að hv. deild samþykki frv. með nokkrum breytingum. Sérstaklega telur nefndin ekki varlegt að hækka hámarks hraða utanbæjar að verulegum mun, gegn tillögum kunnáttumanna.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 3. gr. Í stað »50« komi: 45.
2. Við 7. gr. 2. málsg. Í stað »Fyrir vörubifreiðar — fyrir hverja bifreið« komi: Fyrir vörubifreiðar og bifreiðar, er samkvæmt skoðunarvottorði mega flytja allt að 6 farþegum, 10000 kr. fyrir bifreið, fyrir bifreiðar, er mega flytja 7—10 farþega, 20000 kr. fyrir bifreið, fyrir bifreiðar, er mega flytja fleiri en 10 farþega, 30000 kr. fyrir bifreið.
3. Við 8. gr. 3. liður orðist svo:
Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um gerð, notkun og skoðun bifreiða og annað það, er þarf til að gera umferð örugga.

Alþingi, 11. ágúst 1931.

Magnús Torfason,
form., frsm.

Einar Arnason,
fundaskrifari.

Pétur Magnússon.